

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra Ársreikningur 2019

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Þau eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórn laga nr. 138/2011. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðapróun, atvinnumál menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 3,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 86,2 millj. kr. En vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu störfuðu 6 starfsmenn hjá SSNV í 5,25 ársverkum, auk þeirra störfuðu 20 aðilar í stjórn og nefndum samtakanna. Laun og launatengd gjöld stjórnar og framkvæmdastjóra námu 24,0 millj. kr. á árinu. Heildarlaun og launatengd gjöld námu 70,5 millj. kr. á árinu 2019.

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru 7 en þau eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduós, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélaga, sem að SSNV standa, verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda. Sjá nánar í skýringu 14.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Sauðárkrúki, 2/6 2020.

Stjórn:

Ragnhildur Guðrúna Þórunn
Aðildarsveitarfélög
Sveitarfélagið Skagaströnd
Sveitarfélagið Skagafjörður
Akrahreppur

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Þ. Þinnarson

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra ("félagið") fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 2. júní 2020.

KPMG ehf.

Halalder Óni Reynisson

Kristján Jónsson

Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	Ársreikningur 2019	Fjárhagsáætlun 2019	Ársreikningur 2018
Rekstrartekjur				
Framlag ríkissjóðs		177.671.240	132.907.761	152.475.169
Framlag sveitarfélaga		31.221.980	31.168.326	31.203.570
Framlag v. almenningsgangna		31.000.000	27.500.000	28.934.111
Aðrar tekjur		9.037.000	2.000.000	23.144.654
	2	<u>248.930.220</u>	<u>193.576.087</u>	<u>235.757.504</u>
Rekstrargjöld				
Laun og annar starfsmannakostnaður	8	70.526.191	74.119.897	64.345.751
Kostnaður vegna almenningsgangna		26.533.663	27.049.486	27.176.514
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar		20.806.202	32.606.370	12.972.378
Markaðs- og kynningarátak		6.555.385	9.000.000	4.397.053
Styrkveitingar		87.611.086	72.000.000	84.671.367
Stjórnunarkostnaður		38.645.012	25.782.477	45.732.126
		<u>250.677.539</u>	<u>240.558.230</u>	<u>239.295.189</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		(1.747.319)	(46.982.143)	(3.537.685)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		3.201.906	2.000.000	3.843.340
Fjármagnstekjuskattur		(680.214)	0	(833.859)
Vaxtagjöld		(190.518)	0	(85.801)
		<u>2.331.174</u>	<u>2.000.000</u>	<u>2.923.680</u>
		583.855	(44.982.143)	(614.006)
Áhrif hlutdeildarfélags	9	3.056.090	0	(2.840.107)
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	10	<u>3.639.945</u>	<u>(44.982.143)</u>	<u>(3.454.113)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs	3,8	5.660.461	5.886.634
Fastafjármunir		<u>5.660.461</u>	<u>5.886.634</u>
Næsta árs gjaldfærsla, fyrirframgreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs	8	226.173	226.173
Viðskiptakröfur		32.133.904	7.766.694
Aðrar kröfur		1.080.180	617.240
Handbært fé	7	99.178.260	125.643.563
Veltufjármunir		<u>132.618.517</u>	<u>134.253.670</u>
Eignir samtals		<u><u>138.278.978</u></u>	<u><u>140.140.304</u></u>
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		86.210.469	82.570.524
Eigið fé	10	<u>86.210.469</u>	<u>82.570.524</u>
Skuldbindingar			
Skuldbindingar vegna hlutdeildarfélags	11	724.859	3.780.949
Lífeyrisskuldbinding	12	14.077.715	13.385.468
Skuldbindingar		<u>14.802.574</u>	<u>17.166.417</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður		6.668.914	4.176.086
Ógreiddir styrkir		22.211.458	29.910.376
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindingar	12	415.000	359.000
Aðrar skammtímaskuldir	5	7.970.562	5.957.900
Skammtímaskuldir		<u>37.265.934</u>	<u>40.403.362</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>138.278.978</u></u>	<u><u>140.140.304</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Þau eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórn laga nr. 138/2011. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðaþróun, atvinnumál menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlaun tekna

Framlög sveitarfélaga eru tekjufærð á grundvelli samnings sveitarfélaganna sem að samtökunum standa. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfurétt myndast.

3. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum.

4. Eignarhlutir í félögum og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádraginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðryrnunar þeirra. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í afkomu samkvæmt hlutdeildaraðferð. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð er bókfærða verðið fært í núll. Færsla frekara taps er þá hætt nema samtökin hafi gengist í ábyrgðir fyrir félagið. Hafi samtökin gengist í ábyrgðir fyrir tapi er færð upp skuldbinding sem ábyrgðinni nemur.

5. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 4,4 millj. kr. í árslok 2019 og er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

6. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

7. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2019	2018
Laun	48.373.638	43.287.547
Stjórnarlaun	6.981.608	9.239.068
Launatengd gjöld	12.564.634	11.631.984
Áfallið orlof, breyting	1.249.420	(996.088)
Annar starfsmannakostnaður	36.200	1.200
Framlag til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs	226.173	226.173
Lífeyrisskuldbinding starfsmanna ríkisins B.deild, breyting	1.094.518	955.867
	<u>70.526.191</u>	<u>64.345.751</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	6,0	7,0
Ársverk	5,25	6,0

Skýringar frh.

8. Laun og launatengd gjöld frh.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2019 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	6.112.807
Gjaldfært á árinu.....	(226.173)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	<u>5.886.634</u>
Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:.....	
Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	226.173
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	5.660.461
Samtals í efnahagsreikningi.....	<u>5.886.634</u>
Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:.....	
Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	5.339.280
Framlag í varúðarsjóð.....	547.354
	<u>5.886.634</u>

9. Áhættufjármunir

Eignarhluti í hlutdeildarfélagum greinist þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Fært í rekstrarreikning
NVB ehf	33,3%	500.000	0	3.056.090

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1. 2019	82.570.524
Rekstrarniðurstaða ársins	3.639.945
Staða 31.12.2019	<u>86.210.469</u>

Skýringar frh.

11. Skuldbinding vegna hlutdeildarfélags

NVB ehf er félag í eigu Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Félagið hefur umsjón með rekstri almenningsamgangna í Norðvesturkjördæmi, auk þess að sjá um leið 57 á milli Akureyrar og Reykjavíkur samkvæmt samkomulagi við Eyþing.

Eigendur NVB ehf hafa gert með sér samkomulag um ábyrgð eigenda komi til þess að tap verði á rekstri félagsins. Komi til þess að tap verði á rekstri NVB ehf eru eigendur sammála um að skipta ábyrgð á rekstrartapi þannig að SSV beri ábyrgð á 50% af rekstrartapi, SSVN beri ábyrgð á 25% af rekstrartapi og Fjórðungssamband Vestfirðinga beri ábyrgð á 25% af rekstrartapi.

Skuldbinding SSVN greinist þannig:

Innborgað hlutafé í NVB ehf	(500.000)
Hlutdeild í tapi ársins 2017	1.440.842
Hlutdeild í tapi ársins 2018	2.840.107
Hlutdeild í hagnaði ársins 2019	(3.056.090)
Skuldbinding vegna hlutdeildarfélags í árslok 2019	<u>724.859</u>

12. Lífeyrisskuldbinding

Á SSVN hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	13.744.468
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna	(346.271)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	<u>1.094.518</u>
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2019	14.492.715
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindingar	(415.000)
Langtíamahluti lífeyrisskuldbindingar í árslok 2019	<u>14.077.715</u>

13. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn SSVN auk æðstu stjórnenda þess eru skilgreindir sem tengdir aðilar SSVN. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

14. Atburðir eftir uppgjörsgdag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanlega áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur þeirra sveitarfélaga sem að samtökunum standa verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda.

Það er mat stjórnenda að faraldurinn hafi ekki áhrif á rekstrarhæfi samtakanna en fjárhagsstaða þeirra er sterk.

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun Uppb.sjóður	Millifærslur	2019	Áætlun	2018
Rekstrartekjur:							
Framlag ríkissjóðs	33.345.061	24.021.000	120.305.179	0	177.671.240	132.907.761	152.475.169
Framlag sveitarfélaga	3.802.980	20.000.000	7.419.000	0	31.221.980	31.168.326	31.203.570
Framlag v. almenningssamgangna	31.000.000	0	0	0	31.000.000	27.500.000	28.934.111
Þátttaka eigin sjóða í rekstri SSNV	6.000.000	0	0	(6.000.000)	0	0	0
Þátttaka annarra í rekstri SSNV	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar tekjur	37.000	7.000.000	2.000.000	0	9.037.000	2.000.000	23.144.654
	<u>74.185.041</u>	<u>51.021.000</u>	<u>129.724.179</u>	<u>(6.000.000)</u>	<u>248.930.220</u>	<u>193.576.087</u>	<u>235.757.504</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður:							
Laun	15.814.734	30.725.406	1.833.498	0	48.373.638	53.286.696	43.287.547
Laun stjórnar	6.981.608	0	0	0	6.981.608	7.990.579	9.239.068
Mótframlag í lífeyrissjóð	2.936.329	3.976.186	216.911	0	7.129.426	7.046.887	6.489.584
Tryggingagjald	1.804.641	2.291.183	161.319	0	4.257.143	4.672.011	4.139.472
Stéttarfélagsgjöld	299.540	876.686	1.839	0	1.178.065	1.073.724	1.002.928
Áfallið orlof, breyting	1.249.420	0	0	0	1.249.420	0	(996.088)
Annar starfsmannakostnaður	35.000	0	1.200	0	36.200	50.000	1.200
Víðbótarframlag, lífsj. Brú	226.173	0	0	0	226.173	0	226.173
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	1.094.518				1.094.518	0	955.867
	<u>30.441.963</u>	<u>37.869.461</u>	<u>2.214.767</u>	<u>0</u>	<u>70.526.191</u>	<u>74.119.897</u>	<u>64.345.751</u>
Önnur gjöld í rekstrarreikningi:							
Kostnaður vegna almenningssamgangna	26.533.663	0	0	0	26.533.663	27.049.486	27.176.514
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar	0	0	20.806.202	0	20.806.202	32.606.370	12.972.378
Markaðs- og kynningarátak	6.555.385	0	0	0	6.555.385	9.000.000	4.397.053
Styrkveitingar	0	0	87.611.086	0	87.611.086	72.000.000	84.671.367
	<u>33.089.048</u>	<u>0</u>	<u>108.417.288</u>	<u>0</u>	<u>141.506.336</u>	<u>140.655.856</u>	<u>129.217.312</u>

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun	Millifærslur	2019	Áætlun	2018
Stjórnunarkostnaður:							
Bifreiðastyrkur	1.610.290	13.420	393.800	0	2.017.510	1.508.314	1.413.830
Dagpeningar	1.197.050	184.911	17.900	0	1.399.861	1.587.870	1.647.868
Kostnaður vegna verkefna	3.905.000	0	10.325.142	0	14.230.142	3.727.208	14.544.892
Bifreiðakostnaður	1.781.895	1.660.346	913.242	0	4.355.483	4.794.146	5.607.264
Húsaleiga	905.612	792.867	117.375	0	1.815.854	1.764.189	1.762.544
Sameign, ræsting og viðhald	299.077	228.875	31.908	0	559.860	568.250	588.761
Hlutdeild í sameiginglegum kostnaði SSSNV	0	4.000.000	2.000.000	(6.000.000)	0	0	0
Sérfræðiaðstoð	1.774.745	369.123	0	0	2.143.868	1.738.217	8.897.336
Rekstur tölvukerfis og netþjónusta	1.720.135	263.103	28.565	0	2.011.803	1.653.807	1.827.299
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	523.322	468.539	132.145	0	1.124.005	800.000	1.035.393
Sími og áskriftargjöld	897.335	628.614	241.387	0	1.767.336	1.685.399	1.597.290
Pappír, prentun og ritföng	158.954	84.440	61.177	0	304.571	367.948	268.532
Skrifstofubúnaður og viðhald skrifstofubúnaðar	0	0	0	0	0	0	0
Kostnaður við ársskýrslu	0	0	0	0	0	0	60.090
Póstburðargjöld og flutningskostnaður	58.652	2.097	2.692	0	63.441	0	71.858
Auglýsingar	417.968	9.998	17.831	0	445.797	300.000	715.179
Fundir, námskeið, sýningar og ferðakostnaður	4.890.215	853.285	49.882	0	5.793.382	4.439.298	4.514.082
Ábyrgðartryggingar	193.522	0	0	0	193.522	382.035	189.803
Bækur, tímarit og blöð	97.054	0	0	0	97.054	106.091	77.643
Styrkir og framlög	196.394	0	0	0	196.394	31.042	547.476
Annar kostnaður	117.771	5.069	2.290	0	125.130	328.663	364.986
	<u>20.744.991</u>	<u>9.564.686</u>	<u>14.335.335</u>	<u>(6.000.000)</u>	<u>38.645.012</u>	<u>25.782.477</u>	<u>45.732.126</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	<u>(10.090.961)</u>	<u>3.586.853</u>	<u>4.756.789</u>	<u>0</u>	<u>(1.747.319)</u>	<u>(46.982.143)</u>	<u>(3.537.685)</u>

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Efni: Greinargerð endurskoðunarnefndar SSNV

Í starfsreglum um endurskoðunarnefnd SSNV kemur fram að hlutverk hennar er að:

1. Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningskilla.
2. Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits.
3. Hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga.
4. Meta óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með öðrum störfum hans.

Endurskoðunarnefnd átti fund með endurskoðanda samtakanna, Kristjáni Jónassyni, vegna endurskoðunar ársreiknings 2019, föstudaginn 24. júlí 2020. Á fundinum lagði endurskoðandi fram gögn og gaf upplýsingar um ofangreind atriði.

Það er mat endurskoðunarnefndar að með þeim fundi hafi nefndin uppfyllt hlutverk sitt samkvæmt liðum 1-4 hér að ofan.

Upplýsingaskyldur nefndarinnar

Nefndin skal minnst árlega gera stjórn skriflega grein fyrir störfum sínum. Nefndin ber ábyrgð á að upplýsa stjórn um hver þau mál sem geta haft veruleg áhrif á starfsemi eða afkomu samtakanna.

Endurskoðunarnefnd telur að engin mál séu í gangi eða séu fyrirsjáanleg sem geti haft veruleg neikvæð áhrif á greiðslu- eða rekstrarhæfi samtakanna.


Norðurlandi vestra 24.07.2020



Margeir Friðriksson formaður



Ingibjörg Jónsdóttir



Rannveig Lena Gísladóttir